

Ed.

561. Breytingartillögur

við frv. til l. um oliugeyma o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
 - a. Orðin: „þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins“ í 1. málslíð fellur burt.
 - b. Í stað orðanna: „Fiskifélags Íslands“ í síðasta málslíð komi: Landssambands íslenskra útvegsmanna.
 - c. Í stað orðanna „áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt“ í síðasta málslíð komi: áður en styrkur er veittur.
2. Við 5. gr.
 - a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málslíð komi: ríkisstjórninni.
 - b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málslíð komi: ríkisstjórnarinnar.
3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Nú takast eigi samningar milli landeiganda og þeirra aðila, sem olíu selja samkvæmt þessum lögum, um nauðsynlegar lóðir eða lóðaréttindi til þess að reisa á oliugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra, og getur þá ríkisstjórnin látið taka slíkar lóðir eignarnámi, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt mati dómkvaddra manna. Hvor aðili sem er getur krafizt yfirmats innan 14 daga frá því að honum er kunnugt um undirmatið. Kostnaður við matið greiðist úr ríkissjóði.

Hafi landeigandi vísað á land á öðrum stað en krafizt hefur verið, skal eignarnám eigi fram fara, nema fyrir liggi sameiginlegt álit þar til hæfra dómkvaddra manna, að land það, sem bent hefur verið á, sé ónothæft til slíks atvinnurekstrar.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum meðmælum frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og vitamálastjóra, að taka leigunámi eða eignarnámi oliugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna, ef fyrrnefndir aðilar telja, að með þeim hætti náist hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna. Um greiðslur fyrir slíkar eignir og um mat á þeim fer eftir fyrir-mælum 1. málsg. þessarar greinar.

Hafi eignarnámsheimild þessi eigi verið notuð fyrir árslok 1944, fellur hún niður.

4. Á eftir 6. gr. kemur ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú hefur verið komið upp oliugeymum á útgerðarstað með aðstoð ríkisins og oían lækkuð þar í verði af þeim ástæðum, en jafnframt hefur olía ekki lækkað hlutfallslega á þeim öðrum stöðum, sem enn verður að flytja olíu að í tunnum, og skal þá ríkisstjórnin ákveða jafnaðarverð á oliunni á milli þessara staða þannig, að hinir síðarnefndu njóti hlutfallslega sama olíuverðs og nú, miðað við þá staði, er þegar selja olíu frá geymum. Er ríkisstjórninni heimilt að leggja verðjöfnunargjald á alla olíu, sem seld er frá geymum, er byggðir hafa verið með ríkisstyrk, er nægi til þess að verðjafna olíuna, sem að ofan getur, eða ef nauðsynlegt þykir, að verja til þess fé úr ríkissjóði.